um till. til þál. um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Eftir að meiri hl. fjárhagsnefndar skilaði áliti sínu á þskj. 365 um þingsályktunartillögu þessa, bárust nefndinni greinargerðir, sem meiri hl. hennar telur rétt að birta í þingskjali. Af þeim ástæðum er þetta framhaldsnefndarálit ásamt fylgiskjölum út gefið.

Alþingi, 15. marz 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Pálmi Jónsson.
Guðl. Gíslason.

Fylgiskjal I.

LANDSVIRKJUN

Til formanns Fjárhagsnefndar
neðri deildar Alþingis.

6. marz 1970.

Hjálagt fylgir greinargerð eftir Guðmund Vigfússon. Á fundi stjórnar Landsvirkjunar 5. þ. m. óskaði Guðmundur eftir því, að greinargerðin yrði bókuð og jafnframt send fjárhagsnefnd.

Á næsta fundi stjórnar Landsvirkjunar mun ég og formaður stjórnarinnar óska eftir bókun í tilefni af þessu, þar sem m. a. eftirtalið mun koma fram:

1. Guðmundur gerir grein fyrir áætluðu meðalkostnaðarverði á selda kWst árin '70—'74 og segir því næst, að á þessum árum verði verðið til ISAL 22 au/kWst. Þetta er rangt, því verðið verður 26.4 au/kWst á þessu árabili. Guðmundur lætur

þess ekki getið, að án álbræðslunnar hefði áætlað meðalkostnaðarverð á kWst ekki orðið lægra en 224 aurar 1970, 143.5 aurar 1971, 105.5 aurar 1972, 84.5 aurar 1973 og 77.8 aurar 1974. Ætti þetta eitt út af fyrir sig að nægja sem svar við þeirri fullyrðingu Guðmundar, sem fram kemur í greinargerðinni, að samningarnir við ISAL séu mjög óhagstæðir fyrir Landsvirkjun og orsaki ómótmælanlega hærra verð en ella á þeirri raforku, sem Íslendingar sjálfir nota.

2. Guðmundur segir, að í greinargerð, sem lögð var fyrir Alþingi, hafi verið reiknað með, að árlegur rekstrarkostnaður af Búrfellsvirkjun yrði 9.2% af stofnkostnaði. Hér mun átt við greinargerð þá, sem fylgdi Landsvirkjunarfrumvarpinu, en sú greinargerð miðaðist fyrst og fremst við að bera saman mismunandi virkjunarleiðir, og skipti þá litlu máli, hvort notuð var prósentan 8.5 eða 9.2 eða 9.5, svo dæmi séu nefnd. Fyrir þessu máli höfum við áður gert fjárhagsnefnd grein.
3. Guðmundur segir, að í greinargerð, sem lögð var fyrir Alþingi, hafi verið reiknað með, að árleg afköst Búrfellsvirkjunar yrðu 1635 millj. kWst, en nú héldu formaður og framkvæmdastjóri fram, að þau væru 1720.

   Í greinargerð, sem fylgdi Landsvirkjunarfrumvarpinu, er útdráttur úr lokaskýrslu Harza um Búrfellsvirkjun. Þar stendur skýrum stöfum, að áætluð ársorka sé 1720 millj. kWst, mæld við Geitháls, og sama tala er notuð í greinargerðinni með álfrumvarpinu. Guðmundur notar eldri tölu, sem úrelt var orðin, þegar til afgreiðslu mála kom.
4. Guðmundur telur, að skrifa beri allan stofnkostnað gasaflstöðvarinnar á Búrfellsvirkjun. Fyrir þessu höfum við áður gert fjárhagsnefnd grein, og vil ég því aðeins benda á, að jafnvel þó að aðferð Guðmundar sé notuð, þá haggar það í engu þeirri meginniðurstöðu, að samningurinn við ISAL sé til mikilla hagsbóta fyrir rafmagnsnotendur og landsmenn í heild.
5. Guðmundur víkur að lántökuheimildinni vegna síðari áfanga Búrfellsvirkjunar. Fyrir því máli var fjárhagsnefnd gerð sérstök grein samkvæmt fyrirspurn Þórarins Þórarinssonar, alþingismanns.

Allra virðingarfyllst,

E. Briem,

framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal II.

Á stjórnarfundi Landsvirkjunar 11. des. 1969 var rætt um þingsályktunartillögu, sem flutt er á Alþingi um skipun þingkjörinnar nefndar til að fjalla um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar og hagkvæmni orkusölusamningsins við ISAL. Formaður stjórnar Landsvirkjunar lagði þá fram greinargerð frá sér og framkvæmdastjóra um stofnkostnað og fjármál Búrfellsvirkjunar, dags. 5. des. 1969, sem hann lagði til að stjórnin samþykkti og yrði afhent fjárhagsnefnd.

Ég lagði þá fram rökstudda tillögu um frestun á afgreiðslu greinargerðar formanns og framkvæmdarstjóra. Jafnframt lagði ég til, að stjórnin samþykkti að lýsa því yfir og tilkynna það Alþingi, að hún hefði ekkert við það að athuga, og væri því raunar meðmælt, að þingkjörin nefnd rannsakaði stofnkostnað Búrfellsvirkjunar og önnur þau atriði, er mestum ágreiningi hafa valdið í umræðum um þessi mál.

Tveir stjórnarmanna óskuðu þá eftir fresti til að athuga greinargerðina nánar, og var orðið við þeim tilmælum.

Á stjórnarfundi Landsvirkjunar 15. janúar s. l., en á þeim fundi var ég ekki mættur vegna veikindaforfalla, kvað stjórnarformaður „sig og framkvæmdarstjóra ráðgera að afhenda nefndinni skýrslu þá, er þeir hefðu lagt fram á stjórnarfundi hinn 11. des. 1969 og fjallaði um stofnkostnað og fjármál Búrfellsvirkjunar, og

mundu þeir afhenda hana í sínu nafni. Var ekki hreyft athugasemdum við því", eins og segir í umræddri fundargerð.

Í tilefni af þessari meðferð málsins og afhendingu greinargerðarinnar til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, svo og vegna þess, að greinargerðin hefur á opinberum vettvangi verið kynnt sem „greinargerð Landsvirkjunar" (sbr. Mbl. 4. þ. m.), vil ég taka fram eftirfarandi:

Ég er ósammála ýmsum veigamiklum atriðum í greinargerð formanns og framkvæmdarstjóra og niðurstöðum hennar, ekki síst staðhæfingum hennar og kenningum um hagkvæmni sölusamninganna við ISAL. Tel ég þá samninga mjög óhagstæða fyrir Landsvirkjun og orsaka ómótmælanlega hærra verð en ella á þeirri raforku, sem Íslendingar sjálfir nota. Er þetta ljóst af þeim mikla verðmun, sem er á raforkunni til ISALs og því, sem Íslendingar greiða fyrir raforkuna, og á þó sá munur eftir að koma enn skýrar í ljós.

Í sambandi við greinargerðina vil ég að öðru leyti benda á eftirfarandi atriði:

1. Í greinargerðinni er meðalkostnaðarverð á selda kílówattstund með sölu til ISALs talin nema 47.4 aurum 1970, 41.3 aurum 1971, 31.9 aurum 1972, 24.7 aurum 1973 og 22.7 aurum 1974. Söluverð til ISALs verður hins vegar 22 aurar á kílówattstund. Er því á þessum árum um augljóst og viðurkennt tap að ræða á viðskiptunum við ISAL, sem réttmætt sýnist að reiknað sé inn í heildarviðskiptin, þótt því væri dreift á lengra tímabil.

2. Í greinargerð, sem lögð var fyrir Alþingi, var reiknað með því, að árlegur rekstrarkostnaður af Búrfellsvirkjun yrði 9.2% af stofnkostnaði og þyrfti að bæta við þá upphæð, óhjákvæmilegum hagnaði. Engin rök eru fyrir því að lækka þessa áætlun, enda er sú lækkun ekki í samræmi við þau lánakjör, sem um hefur verið samið.

3. Í greinargerð, sem lögð var fyrir Alþingi, var reiknað með því, að árleg afköst Búrfellsvirkjunar yrðu 1635 milljónir kílówattstunda. Í greinargerð formanns og framkvæmdarstjóra er sú áætlun nú hækkuð upp í 1720 milljónir kílówattstunda án nokkurs sérstaks rökstuðnings. Sú hækkun virðist óraunsæ, þar sem nýting á raforku til innlendra viðskiptavina getur aldrei orðið slík, að þau afköst náist. Þaðan af síður tel ég raunsætt, að framleiðslan geti aukizt í 1970 milljónir kílówattstunda, þótt miðlunarmannvirki verði gerð við Þórisvatn.

4. Gasaflsstöðin var byggð samkvæmt sérstakri kröfu álbræðslunnar og er starfrækt í hennar þágu. Fráleitt er annað en reikna með kostnaði við gasaflsstöðina að fullu við útreikning á raforkuverði frá Búrfellsvirkjun.

5. Vorið 1969 var lagt fyrir Alþingi frumvarp um lántökuheimild vegna síðari áfanga Búrfellsvirkjunar og var sá kostnaður áætlaður 7.5 milljónir dollara. Í greinargerð formanns og framkvæmdarstjóra er kostnaður við síðari áfanga nú áætlaður 4.09 milljónir dollara, án þess að sú lækkun sé rökstudd með neinu öðru en óskilgreindum „flutningi framkvæmda milli virkjunarstiga".

Það er ósk mín, að ofangreind bókun verði færð í fundargerðabók stjórnar Landsvirkjunar, og enn fremur, að hún verði send fjárhagsnefnd neðri deildar.

Reykjavík, 4. marz 1970.

Guðmundur Vigfússon.